



Reykjavík, 13. febrúar 2025
FAS25020011

Borgarráð

Efni: Endurskoðun á innheimtureglum Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki uppfærðar innheimtureglur Reykjavíkurborgar og uppfærða viðauka við viðkomandi reglur. Breytingar frá fyrri reglum eru neðangreindar í eftirfarandi köflum og viðaukum:

1. Innheimtureglur Reykjavíkurborgar

- a. Í fimmtu málsgrein kafla 2 í reglunum er gerð sú breyting að tekið er fram að sviðsstjórar hvers fagsviðs beri ábyrgð á stofnun krafna í fjárhagsbókhaldi.
- b. Í kafla 4.5.3 um fasteignagjöld er gerð sú breyting að greiðsluáskoranir eru sendar fyrir lok apríl hvert ár (í stað 15. febrúar) og nauðungarsölubeiðnir eru sendar fyrir lok maí hvert ár (í stað 15. mars).

2. Viðauki 1 – Innheimta fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði skv. II. kafla í lögum nr. 22/2021

- a. Engar breytingar.

3. Viðauki 2 – Heimild til greiðsludreifingar almennra krafna

- a. Hér er gerð sú breyting að í staðinn fyrir Inkasso-Momentum ehf. kemur Inkasso ehf. en það er gert í kjölfar nafnabreytingar fyrirtækisins.

Greinargerð:

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi uppfærslu á innheimtureglum og uppfærða viðauka við reglurnar.

Í fimmtu málsgrein í öðrum kafla reglnanna er orðalagið gert skýrara með því að taka fram að sviðsstjórar hvers fagsviðs beri ábyrgð á stofnun krafna í fjárhagsbókhaldi til að leggja áherslu á að ábyrgð á fruminnheimtu, þ.e. útgáfu reikninga, liggur hjá hverju fagssviði fyrir sig.

Jafnframt eru gerðar breytingar í kafla 4.5.3 um tímasetningar á útsendingu greiðsluáskorana og beiðna um nauðungasölu. Varðandi greiðsluáskoranir er nú miðað við að þær séu sendar fyrir lok apríl en var áður fyrir 15. febrúar og nauðungarsölubeiðnir senda að jafnaði fyrir lok maí hvert ár en var áður fyrir 15. mars. Þessi breyting kemur þar sem gjalddögum fasteignagjalda hefur verið fjölgað í ellefu.

Í viðauka tvö er verið að gera nafnabreytingu þar sem sameinað félag Innkasso-Momentum ehf. notast nú við Inkasso ehf.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs